

Miðvikudaginn 5. maí 1965.

Nr. 49/1965. **Ákærvaldið**  
 (Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
 gegn  
**Sigurði Guðmundi Stefáni Þorleifssyni**  
 (Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skjalafals. Fjársvik.

### Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur ákærði að fullu greitt skaðabótakröfur þær, sem á hendur honum voru gerðar. Að þessu athuguðu þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar ákærða, sem er hæfilega tiltekin í héraðsdómi, fangelsi 10 mánuði, skuli fresta og hún niður falla, að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið, en komi hún til framkvæmda, skal gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 21. janúar til 3. febrúar 1965, 13 dagar, með fullri dagatölu koma henni til frádráttar.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, og málf lutningslaun verjanda, kr. 7.000.00.

### Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Guðmundur Stefán Þorleifsson, sæti fangelsi 10 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla, að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið. Komi refsingin til framkvæmda, skal gæzluvarðhaldsvist ákærða, 13 dagar, koma henni til frádráttar.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með tal-

in saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. febrúar 1965.

Ár 1965, miðvikudaginn 3. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 562/1965: Ákærvaldið gegn Sigurði Guðmundi Stefáni Þorleifssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákærum, útgefnum 23. desember 1964 og 1. febrúar 1965, hafa opinber mál verið höfðuð gegn Sigurði Guðmundi Stefáni Þorleifssyni, töldum til heimilis að Hlíðarenda á Eskifirði, fæddum 14. júní 1935 á Ísafirði, en málin hafa verið sameinuð og rekin í einu lagi.

Með ákæru, dags. 23. desember, er mál höfðuð gegn ákærða „fyrir skjalafals eða svik með því að selja í útbúi Búnaðarbanka Íslands á Akureyri hinn 2. september 1964 10.000 króna tékkávísun á sparisjóðsávísanareikning nr. 218 í útibúi Landsbanka Íslands á Eskifirði, en ávísunina hafði ákærði fyllt út og undirritað nafninu Guðmundur Þorleif. Ávísanareikning þenna átti ákærði ekki og Guðmundar-nafni sínu nefnir ákærði sig ekki, heldur ætíð Sigurðar-nafninu.

Telst þetta brot ákærða aðallega varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 248. gr. sömu laga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótageiðslu og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Með ákæru, dags. 1. febrúar, er ákærði saksóttur fyrir:

„I. Skjalafals á Ísafirði í lok ágústmánaðar með því að hafa gefið þar út eftirgreinda 4 tékka á tékkaeyðublöð frá útibúi Landsbanka Íslands á Eskifirði, hvern um sig að fjárhæð kr. 3.000.00 eða samtals kr. 12.000.00, stílaða á handhafa, framvísað þeim í viðskiptum, að nokkru til kaupa á vörum, en fengið fjárhæðir þeirra að mestu greiddar í peningum, sem ákærði varði síðan til áfengiskaupa, eftir að hafa falsað nöfn útgefenda tékkanna og tilgreind reikningsnúmer:

1. A nr. 671, dags. 30/8, með undirrituninni Guðmundur Jóns-

son, á ávísanareikning nr. 122, en tékkinn var síðan framseldur af Emilíu Jóhannesdóttur pr. Einar & Kristján.

2. A nr. 673, dags. 28/8, undirritaður Guðmundur Jónsson, á reikning nr. 123, en framseldur af Valgerði Guðjónsdóttur fyrir Vinnuver.
3. A nr. 674, dags. 28/8, undirritaður Guðmundur Þo . . . ., á reikning nr. 129, en framseldur af Kaupfélagi Ísafirðinga.
4. A nr. 675, dags. 28/8, undirritaður Guðmundur Jó . . . ., á reikning nr. 123, en framseldur af Jónasi Magnússyni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Fjársvik með því að hafa svikið út sjófatnað fyrir kr. 2.431.00 úr Sjóklæðaverzlun Verðandi h/f í Reykjavík hinn 13. október eftir að hafa villt á sér heimildir þess efnis, að hann væri stýrimaður á „Jóni Kjartanssyni“ frá Eskifirði.

Telst þetta varða við 248. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

#### I.

Hinn 2. september 1964 var ákærði staddur á Akureyri. Hann fór þá inn í útibú Búnaðarbanka Íslands þar í bæ, og seldi þar tékka, sem hann hafði ritað. Tékkinn var gefinn út á sparisjóðsávísanareikning nr. 218 í útibúi Landsbanka Íslands á Eskifirði og var að fjárhæð kr. 10.000.00. Ákærði gaf tékkann út til handhafa og undirritaði hann „Guðmundur Þorleif“ og ritaði á bakhlið hans „Guðmundur Þorleifsson Eskifjörður“.

Ákærði hafði átt sparisjóðsávísanareikning nr. 415 í útibúi Landsbankans á Eskifirði og hafði þannig eignast eyðublöðin. Búið var að loka reikningi hans. Hann hafði aldrei átt reikning nr. 218. Ákærði er jafnan nefndur Sigurður Þorleifsson, og ritar hann nafn sitt svo. Hann kveðst aldrei nota Guðmundar-nafnið.

Ákærði hefur viðurkennt brot sitt, en kveðst lítið muna eftir því, enda hafi hann verið mjög drukkinn. Hann hefur ekki sýnt lit á að bæta tjón af broti sínu.

Ákærði ritaði undir umræddan tékka, að vísu með einu af nöfnum sínum, en nafni, sem hann aldrei notar. Verður hann því talinn hafa brotið gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga með því að nota tékkann, svo sem að ofan var rakið.

Af hálfu Búnaðarbanka Íslands hefur þess verið krafizt, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða tékkafjárhæðina, kr. 10.000.00, ásamt 9% ársvöxtum frá 2. september 1964 til greiðsludags. Er rétt, að krafa þessi verði tekin til greina, þó þannig að ársvextir reiknist 8%.

## II.

Í ágústlok 1964 var ákærði staddur á Ísafirði. Er það leitt í ljós með framburði ákærða og öðrum gögnum, að þá falsaði hann fjóra tékka á eyðublöð úr áðurnefndu tékkhefti sínu (sbr. I hér að ofan) og seldi þá eða notaði til greiðslu í verzlunum á Ísafirði, svo sem hér greinir:

a) Tékki, að fjárhæð kr. 3.000.00, dags. 28. ágúst, útgefinn til handhafa á sparisjóðsávísanareikning nr. 129 í útibúi Landsbanka Íslands á Eskifirði, undirritaður nafninu Guðmundur Þorl. (undirskrift óglögg). Tékkka þenna seldi ákærði í verzlun Kaupfélags Ísfirðinga.

b) Tékki, að fjárhæð kr. 3.000.00, dags. 28. ágúst, útgefinn til handhafa á reikning nr. 123 í áðurnefndu útibúi, undirritaður Guðmundur Jónsson. Tékkka þenna seldi ákærði í verzluninni Vinnuveri á Ísafirði.

c) Tékki, að fjárhæð kr. 3.000.00, dags. 28. ágúst, útgefinn til handhafa á reikning nr. 123, undirritaður Guðmundur Jónsson, seldur í verzlun Jónasar Magnússonar á Ísafirði.

d) Tékki, að fjárhæð kr. 3.000.00, dags. 30. ágúst, útgefinn til handhafa á reikning nr. 122, undirritaður Guðmundur Jónsson. Tékkka þenna seldi ákærði í klæðaverzlun Einars & Kristján's á Ísafirði.

Með því að nota ofangreind fjögur skjöl til þess að blekkja með þeim í lögskiptum hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt framkomnum kröfum, er ákærði hefur samþykkt, verður hann dæmdur til þess að greiða:

Kaupfélagi Ísfirðinga kr. 3.000.00.

Klæðaverzlun Einars & Kristján's, Ísafirði, kr. 3.000.00.

Jónasi Magnússyni, Ísafirði, kr. 3.000.00.

Vinnuveri, Ísafirði, kr. 3.000.00.

## III.

Hinn 13. október 1964 kom ákærði í verzlunina Verðandi h/f, hér í borg, og tók þar út vörur á þeim forsendum, að hann væri

stýrimaður á v/b Jóni Kjartanssyni frá Eskifirði. Ákærði hafði aldrei verið á umræddu skipi. Kveðst hann hafa notað þetta bragð til þess að ná sér út verðmætum, en hann hafi verið drukinn, er þetta gerðist.

Verðmæti varanna var kr. 2.431.00.

Með því að hafa af öðrum fjárverðmæti með blekkingum, svo sem nú var lýst, hefur ákærði brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

Að kröfu Verðandi h/f verður ákærði dæmdur til þess að greiða bætur, að fjárhæð kr. 2.431.00.

#### IV.

Ákærði hefur sætt þessum refsingum og kærur:

1954 5/6 Saksókn fyrir brot gegn 244. gr. sbr. 256. gr. hegningarlaga (tilraun til þjófnaðar á hjólbarða) felld niður.

1958 19/11 50 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 72/1952.

1962 31/1 28 daga varðhald fyrir umferðar- og áfengislagabrot.

1963 22/5 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1964 22/4 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

— 7/6 1000 kr. sekt fyrir tékkamisferli.

— 22/12 200 kr. sekt fyrir ölvun.

Ákærði hefur rofið skilorð það, sem honum var sett með ofangreindum dómi, og ber nú að ákveða honum á ný refsingu fyrir þau brot, er þar greinir, auk þeirra, sem hann er nú ákærður fyrir. Þykir refsingin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði.

Ákærði hefur dvalizt í gæzluvarðhaldi síðan 21. f. m., eða alls 13 daga, og þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga rétt, að sú vist komi refsingu hans til frádráttar.

Þá ber að dæma hann til greiðslu bóta samkvæmt því, er áður greinir, og loks til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Guðmundur Stefán Þorleifsson, sæti fangelsi 10 mánuði. Frá refsingunni dragist gæzluvarðhaldsvist hans 13 daga.

Ákærði greiði Búnaðarbanka Íslands kr. 10.000.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 2. september 1964 til greiðsludags, klæðaverzlun Einars & Kristjáns á Ísafirði kr. 3.000.00, verzlun-

inni Vinnuveri, Ísafirði, kr. 3.000.00, Kaupfélagi Ísfirðinga kr. 3.000.00, Jónasi Magnússyni kr. 3.000.00 og verzluninni Verðandi kr. 2.431.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. maí 1965.

Nr. 47/1965. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Adolf Björnssyni,**

**Gunnlaugi Guðmundssyni Björnssyni,**

**Sigurði Guttormssyni,**

**Þorsteini Kjartani Friðrikssyni og**

**Þóru Ásmundsdóttur**

(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

**D ó m e n d u r :**

**hæstaréttardómara**rnir **Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson** og **prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Línfal.**

Verkfall starfsmanna ríkisbanka.

**Dómur Hæstaréttar.**

Réttarstaða Útvegsbanka Íslands og starfsfólks hans er samkvæmt lögum nr. 12/1961 hin sama og réttarstaða Landsbanka Íslands og starfsfólks hans samkvæmt lögum nr. 11/1961. Er hvor banki sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, og er yfirstjórn hvors banka í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs. Þar sem þessir tveir bankar eru þannig algerlega settir á sama bekk að lögum, verður samkvæmt 1. gr. laga nr. 19/1940 að beita gegnt starfsfólki Útvegsbanka Íslands viðurlögum þeim við verkfalli, sem eru í lögum nr. 33/1915 um verkföll opinberra starfsmanna mælt á hendur starfsfólki Landsbank-